



Alþingi
Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Egilsstaðir, 13. júní 2022

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál

Eftirfarandi er umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings um frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál, sem samþykkt var á 56. fundi ráðsins 10. júní sl.

**Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál.
Málsnúmer 202205382**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 8. júní 2022.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Þar sem óskað var eftir því að umsögn sveitarfélagsins bærist fyrir 8. júní 2022 er ljóst að fresturinn er liðinn. Umhverfis- og framkvæmdaráð gagnrýnir þann tímaramma sem málið var í samráðsgátt stjórnvalda með tillit til ný afstaðinna sveitarstjórnarkosninga og áskilur sér því rétt til að skila umsögn eftir að frestur rann út.

Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur undir með sveitarstjórn Bláskógabyggðar í umsögn hennar um mikilvægi þess að skipulagsvald sé ekki fært frá sveitarfélögum með setningu sérlaga sem víkja frá meginreglum skipulagslaga.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Virðingarfyllt,
f.h framkvæmda- og umhverfismálastjóra Múlaþings



Sóley Valdimarsdóttir

Sóley Valdimarsdóttir
verkefnastjóri skipulagsmála

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is